

Reglur um stofnun starfshópa hjá Akraneskaupstað

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfshópa sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind samkvæmt erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Reglurnar gilda um starfshópa sem eru skipaðir aðal- og varabæjarfulltrúum, starfsmönnum og fulltrúum utan stjórnkerfis Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Stofnun

Bæjarráð veitir heimild fyrir stofnun starfshópa hverju sinni og er það bæjarráð, fagráð, bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og sviðsstjórar sem geta lagt fram tillögu um stofnun starfshópa.

3. gr.

Erindisbréf

Starfshópar starfa samkvæmt erindisbréfi og skulu verkefni hópsins vel skilgreind og hnitmiðuð. Erindisbréf skal fylgja tillögu um stofnun starfshópa hverju sinni, öðruvísi er ekki hægt að samþykkja stofnun starfshópa. Í erindisbréfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Heiti starfshópsins.
- Ábyrgðarmaður, tilnefndur af bæjarráði eða fagráði.
- Nöfn þeirra sem tilheyra starfshópnum.
- Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins sem miða að því að skapa sem bestan grundvöll fyrir þær ákvarðanir sem teknar verða í framhaldi af endanlegri vinnu hópsins.
- Upplýsingar um ráðgjöf og samstarf.
- Starfstímabil og skil.
- Upplýsingar og áætlun um greiðslur fyrir nefndarstörf samkvæmt reglum um laun hjá Akraneskaupstað til bæjarfulltrúa og fyrir setu í ráðum, nefnum og starfshópum.
- Allan kostnað umfram áætlaðan launakostnað starfshópsins þarf bæjarráð að samþykkja sérstaklega, s.s. aðkeypta sérfræðipjónustu.
- Aðrar mikilvægar upplýsingar sem þörf er að tilgreina.

4. gr.

Fundir starfshópa og fundarsköp

Starfsmaður sem starfar með starfshópi skal undirbúa fundi í samráði við formann starfshópsins. Hann sér um að starfshópurinn sé boðaður til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Formaður starfshópsins stjórnar fundum þess og sér um allt fari löglega og skipulag fram á fundum þess. Starfsmaður starfshópsins annast fundarritun fundargerða og skulu fundargerðir undirritaðar og samþykktir af meðlimum starfshópsins eigi síðar en í upphafi næsta fundar á eftir. Fundargerðir skulu lagðar fram til kynningar í viðeigandi fagráði hverju sinni.

5. gr.

Skil starfhópa á niðurstöðu

Starfshópur skal skila af sér niðurstöðu í undirrituðu skýrsluformi til þess fagráðs sem átti tillögu að stofnun starfshópsins. Niðurstöður starfhópa skulu ávallt vera lagðar fyrir bæjarráð. Hafa ber m.a. eftirfarandi atriði í huga við skil starfhópa á niðurstöðu sinni:

- Erindisbréf.
- Fundargerðir.
- Verkefnaáætlun.
- Ráðgjöf.
- Fjárhagsáætlun og áhættugreining.
- Tillögur að úrlausn verkefnis.
- Skýr framsetning.

Samþykkt í bæjarráði 14.02.2019.

Samþykkt í bæjarstjórn 26.02.2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

The image shows an official blue ink stamp of the Akranes Municipality. The stamp is oval-shaped and contains the text "BÆJARSTJÓRINN" at the top, a central crest with a shield and waves, and "AKRANES" at the bottom. A handwritten signature in blue ink is written across the stamp.

Sævar Freyr Þránínsson

bæjarstjóri